

Mál nr. 102/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur. Hringtorg. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. mars 2025, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V1, dags. 20. mars 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. mars 2026.
4. Athugasemdir V2, dags. 9. apríl 2026, ásamt fylgigögnum.
5. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. apríl 2026 og 12. apríl 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur 5. febrúar 2026 á milli A, en eigandi hennar er M, og B á hringtorgi við Skógarlind í Kópavogi. Í aðdraganda árekstursins var báðum bifreiðum ekið eftir Dalvegi til austurs og inn í hringtorgið við Skógarlind. A var á hægri akrein en B á vinstri akrein. Þegar A og B var ekið inn í hringtorgið héldu þær sömu staðsetningu, þ.e. A var ekið inn í ytri hring og B var ekið inn í innri hring. Stuttu eftir að ökumaður B ók inn í hringtorgið beygði hann til hægri, ók inn í hlið A og varð tjón á báðum bifreiðum. Ökumaður A ætlaði út á öðrum gatnamótum hringtorgsins eftir innakstur en B á fyrstu gatnamótum. Í skýrslu Aðstoðar og Öryggis, dags. 5. febrúar 2026, kemur fram að ökumaður A hafi sagst hafa ekið rólega inn á hringtorgið og litið vel til vinstri áður en hún ók fram hjá Skógarlind. Hún hafi ekki ekið fram hjá fyrstu gatnamótum fyrr en hún hafi verið fullviss um að engin önnur bifreið væri í hringtorginu og taldi því að B hefði verið ekið ansi hratt. Það hafi komið ökumanni A mjög á óvart þegar hún sá hvaðan B hafði verið ekið því hún hefði aldrei séð B við hliðina á sér eða fyrir aftan sig á Dalvegi. V1 skipti sök til helminga á milli A og B. Tjónanefnd vátryggingafélaganna komst að sömu niðurstöðu og vísaði í rökstuðningi til þess að B hafi ekið af innri akrein hringtorgs út á fyrstu gatnamótum þess og A hafi ekki veitt umferð um innri akrein forgang við akstur út úr hringtorginu. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu.

Í málskoti er á því byggt að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. Ökumaður B hafi brotið gegn ákvæði 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumaður B hafi viðurkennt að hafa ekið inn á innri akrein og beygt út á fyrstu gatnamótum og hafi þar með brotið gegn framangreindu lagaákvæði. Ákomumynd bifreiða sýni að B hafi verið ekið inn í vinstri hlið A, á ökumannshurð og frambretti. Sú staðsetning tjóns staðfesti að A hafi verið komin verulega fram yfir miðju akreinar sinnar og hafi ekki haft raunhæfa möguleika á að forðast árekstur. Ef tjón hefði verið á framhorni A bæri ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Hins vegar sé tjónið á miðri hlið A sem sýni að B hafi ekið inn í hlið A. Með hliðsjón af skýru broti B á umferðarlögum, viðurkenningu B á akstursmáta sínum og ákomumynd tjóns telur M ótvírætt að B beri fulla ábyrgð á árekstrinum.

Í athugasemdum V1 er vísað til 25. tölul. 3. gr. umferðarlaga um skilgreiningu á hringtorgi. Jafnframt til 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. sömu laga um að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri akrein, ætli hann sér að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Þá sé jafnframt kveðið á um í 3. málsl. sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr hringtorginu. Ljóst sé af gögnum málsins að áreksturinn hafi orðið við fyrstu gatnamót hringtorgsins miða við akstursleið ökumannanna. Óumdeilt sé að ökumaður B hafi ekið inn á innri akrein með fyrirhugaðan akstur út á fyrstu gatnamótum hringtorgsins þegar ökumaður A ók inn á hringtorgið á ytri akrein með fyrirhugaðan akstur fram hjá fyrstu gatnamótum, en þá hafi árekstur milli bifreiðana orðið. Með hliðsjón af framangreindu telur V1 sök réttilega skipt til helminga á milli A og B. Ökumaður A beri helming sakar fyrir að veita ekki umferð af innri hring hringtorgsins forgang skv. 3. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Ökumaður B beri helming sakar fyrir að hafa ekið út á fyrstu gatnamótum hringtorgsins af innri hring, enda beri ökumanni að velja ytri hring ef fyrirhugaður akstur er út á fyrstu gatnamótum skv. 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. sömu laga. Því til stuðnings vísar V1 til úrskurðar nefndar í máli nr. 290/2021.

Í viðbótarathugasemdom M, dags. 29. mars 2026, er það áréttað að A hafi verið ekið vel á undan B og ökumaður A hafi aldrei átt möguleika á að sjá B þar sem hún hafi komið inn í blinda punktinn. Ökumaður B hafi haft allt í hendi sér til þess að forða árekstri. Hann hafi ekið rakleitt inn í hlið A.

Í athugasemdom V2 er vakin athygli á að umferðarlagabrot eins ökumanns firri hinn ökumanninn ekki ábyrgð sem á honum hvíli samkvæmt umferðarlögum. Ljóst sé að með háttsemi sinni hafi M gerst brotlegur við 3. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Aukinheldur hafi huglæg afstaða ökumanna til tjónsatviks á vettvangi ekki verið talin hafa áhrif við sakarskiptingu í málum sem þessu. V2 er sammála niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna. V2 telur hvorugan ökumann hafa gætt nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs og því sé ekki tilefni til að leggja meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn. Þessu til stuðnings vísar V2 til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 290/2021.

Í viðbótarathugasemdom M, dags. 9. apríl 2026, er byggt á að þó svo ökumanni A hafi verið skylt að veita B forgang, eigi það ekki við í máli þessu þar sem B hafi verið ekið inn í hringtorgið og rakleiðis út aftur og inn í vinstri hlið A. Ökumaður A hafi aldrei átt möguleika á því að forða tjóni enda viðurkenni ökumaður B að hafa valdið árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdom M, dags. 12. apríl 2026, er því hafnað að úrskurður nefndarinnar í máli nr. 290/2021 sé fordæmisgefandi þar sem hringtorgið í því máli sem hér um ræðir sé ekki sambærilegt.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttænisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt milli A og B vegna áreksturs 5. febrúar 2026. Í málinu er ekki ágreiningur um málsatvik.

Í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum ætlaði ökumaður B út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið og bar honum því að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þess gætti ökumaður B ekki. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, sbr. 3. málsl. sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði í umrætt sinn. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök til helminga á milli ökumanna á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 9. júní 2026.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir